

Nd.

589. Nefndarátt

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Frumv. þetta var afgreitt frá fjárhagsnefnd Nd. þann 20. þ. m., og tóku nefndarmenn afstöðu til þess með hliðsjón af þeim horfum, er þá voru um afgreiðslu fjárlaganna. Síðan hafa þau tíðindi gerst, er engum var ætlandi fyrir að sjá, og munum við í neðanskráðu álitu aðeins gera grein fyrir afstöðu okkar til málsins eins og viðhorfið var, er atkvæði gengu um það í fjárhagsnefnd.

Neðri deild afgreiddi fjárlögin með 670 þús. kr. tekjuhalla, en svo varlega teljum við tekjuhlíð frumv. áætlaða, að okkur þykir ekki áhorfsmál að hækka hana um 200 þús. kr. Munum við, er fjárlagafrumv. kemur til Nd. til einnar umr., bera fram breytingartill. um að hækka áætlaðar tekjur af tekju- og eignarskatti um 100 þús. kr. og tekjur af áfengisversluninni um sömn upphæð.

Undanfarin ár hafa tekjur ríkissjóðs af tekju- og eignarskatti verið þessar:

1922	1224	þús. kr.
1923	781	— —
1924	841	— —
1925	2109	— —
1926	1071	— —
1927	795	— —

Alls á 6 árum 6821 þús. kr.

eða að meðaltali á ári tæpar 1137 þús. kr. Samkvæmt fjárlögum fyrir yfirstandandi ár eru tekjur af þessum gjaldstofni áætlaðar 950 þús. kr., og er þá mjög í hóf stílt, en hitt með öllu ástæðulaust, að áætla þær aðeins 850 þús. kr., svo sem gert er í fjárlagafrv. fyrir næsta ár, eins og það var afgreitt frá neðri deild, því það er staðreynd, sem ofangreind skýrsla rannar einnig staðfestir, að tekjur ríkissjóðs eru jafnan mestar árið eftir að gott árferði hefir verið í landinu, en hitt jafnframt viðurkennt, að síðasta ár var allhagstætt atvinnurekstri landsmanna og horfur á, að svo verði einnig um yfirstandandi ár. Það er því óhætt að fullyrða, að á þessu ári verði tekjur ríkissjóðs mjög miklar, og miklar líkur til, að svo verði einnig á næsta ári.

Síðustu 6 árin hefir gróði áfengisverslunarinnar numið samtals 2743355 kr., eða að meðaltali á ári um 450 þús. kr. En þrjú síðustu árin hefir hann verið að meðaltali 560 þús. kr. Hefir sama reglan ríkt um þennan tekjustofn og áður greinir, að árlegar tekjur af honum sýna árferðið undanfarið ár. Í fjárlagafrumv. fyrir 1929 eru tekjur af þessum gjaldstofni aðeins áætlaðar 300 þús. kr., og þykir það eigi, með hliðsjón af árferðishorfunum, óvarlegt að áætla þær 100 þús. kr. hærrí, og munu þó flestir mæla, að mjög sje í hóf stílt.

Við höfum eigi viljað bera þessar hækkunartill. fram fyr en við eina umr. í Nd., því okkur er ljóst, að jafnan stafar nokkur hætta um aukin útgjöld af hækkun á tekjuhlíð fjárlagafrv., en áhættulaust sýnist, að slíkt sje gert til jafnaðar á tekjuhalla, úr því full víska þykir á, að tekjur þessar verði í reyndinni síst minni en við stingum upp á að þær verði áætlaðar.

Það er yfirleitt talið mjög líklegt, að Ed. muni fremur draga úr en auka tekjuhalla, og mun því þurfa að sja ríkissjóði fyrir 470 þús. kr. tekjuauka til þess að jöfnuður náist á fjárlögin. Úr þessari þörf ríkissjóðs viljum við bæta, og höfum því lagt til, að samþykkt verði hækkun á verðtollu samkv. þskj. 213.

Ef miðað er við síðasta ár, mundi þessi tekjuauki færa ríkissjóði 460 þús. kr., en með því það ár var með tekjurárári árum fyrir ríkissjóð, þykir ekki óvarlegt að áætla tekjur hans af hækkun verðtollsins um 500 þús. kr., og mundu þá fjárlögin verða með um 30 þús. kr. tekjuafgang.

Sterkar líkur benda til, að í reyndinni verði tekjuafgangur talsvert meiri, en með því eigi verða færð fram óyggjandi rök þessu til sönnunar, skal eigi fjölyrt um þá hlið málsins, heldur aðeins á það bent, að tillögur okkar nægja til þess að tryggja tekjuhalla laus fjárlög, en skapa jafnframt miklar líkur til nægjanlegs tekjuafgangs til nokkurra framkvæmda samkv. heimildum utan fjarlaga.

Dýpra en þetta höfum við talið óverjandi að seilast í vasa skattþegnanna, því það er álit okkar, að enda þótt undir vissum kringumstæðum sje rjett og jafnvel óumflýjanlegt að tryggja ríkissjóði tekjur umfram árlegar þarfir, þá

sje slíkt eigi aðeins óþarft, heldur og ótækt eins og sakir standa, því að það er hvorttveggja, að hagnr ríkissjóðs er nú svo miklu betri en fyrir nokkrum árum, að með öllu er ósambærilegt, og hitt, að landsmenn eru síst aflögufærir umfram brýnustu þarfir ríkissjóðs, enda ræður það af líkum, þegar þess er gætt, að atvinnurekstur landsmanna hefir hin síðustu árin orðið að gera hvorttveggja í senn, að risa undir gengishækkuninni og að greiða margar milljónir af skuldum ríkissjóðs, en árferðið að venju jafnframt verið misjafnt. Við teljum því, að lög-giafanum beri rík skylda til að gæta varkárni i skattaálögum, svo atvinnurek-endnr fái sem mest notið næsta góðæris til þess að ljetta skuldabaggann, sem nú er ærið þungur.

Fyrir Alþingi liggja nú ýms tekjuaukafrv., sem talið er líklegt, að lögfest verði. Fari svo, verða fjárlögin afgreidd með alveg einsdæma tekjuafgangi, eða sem næst þannig:

Tekjuhalli eftir 3. umr. í Nd.	670 þús. kr.
Hækkun á áætluðum tekjum áfengisverslunar... ..	200 þús. kr.
Tekjuauki af verðtolti samkv. þingskj. 213	500 — —
— — vörutolti — — 418	310 — —
— — tekju- og eignarskatti samkv. þskj. 401	200 — —
— — stimpilgjaldi — — 476	70 — —
<i>Tekjuafgangur</i>	610 — —
	1280 þús. kr. 1280 þús. kr.

og mundi þessi óvenju mikli tekjuafgangur þó í reyndinni, eftir öllum líkum að dæma, verða talsvert meiri, svo sem að framan greinir.

Við höfum nú þegar fært rök fyrir því, að svo sem nú er háttað högum landsmanna, er slík fjársöfnun ríkissjóðs, með drápsklyfjum margvíslegra nýrra skatta, með öllu óverjandi, og ekki síst, þegar þess er gætt, að langsennilegast er, að þessum blóðpeningum verði varið til ýmsra framkvæmda, er ýmist eru með öllu óþarfar eða gætu að minsta kosti vel beðið betri tíma. Við tölum því áreiðanlega fyrir munn langflestra skattþegna, er við mótmælnm eindregið djarffærui Alþingis ofan í vasa almennings, og krefjumst þess, að þingmenn standi við gefnu loforð nm að gjalda varhuga við nýjum álögum á alþjóð manna.

Alþingi, 23. mars 1928.

Ólafur Thors, Sig. Eggerz,
frsm. með fyrirvara.